

Fundur 9.3.2026 Guðrún Helgadóttir

Góða kvöldið.

*Já góða kvöldið.*

Guðrún Helgadóttir heilsar ykkur.

*Komdu blessuð.*

Verið þið öll blessuð og hér eru margir sem bíða og orkan er góð í kvöld og að mestu leiti lífstefnu sambönd, það vill ýmislegt slæðast með, en fögnum við að fundur hafi tekist hér í kvöld og er það ævinlega mikilvægt að fá inn í samböndin lífstefnu mannkyn, aðila þeirra, viðhalda orku og tengslum.

Höfum við mikið og ákaft reynt að halda áfram með fundina og tökum við undir það að eitthvað hefur okkur orðið ágengt að aðrir virkist hjá ykkur, en vitum við ekki nákvæmlega hvenær það verður.

Og viljum endilega efla bjartsýni og líkamlega og andlega vellíðan ykkar svo þið getið haldið áfram með fundina sem mest og megi þá samböndin verða betri og jafnari.

Segja má það með sannri áramót bíði helstefnu öflin átekta og reyna að trufla starf ykkar, en oftast hægt að bægja því frá og koma í rétt horf.

Og vonum við nú að áfram haldi starf ykkar.

Já Danirnir eru hér staddir ekki svo fjarri og fornmennirnir, biðjum við að heilsa öllum ykkar fjarstöddu aðilum hópsins, reynum að senda þeim orku og ykkur sem eruð hér stödd og ykkar nánustu ættingjum.

Eru hér margir ættingjar sem vilja komast í sambandið, en miðlar eru mis fúsir, treysta sér, en vonum að verði bót á því.

Og fornmennirnir, gott að hugsa til þeirra, ekki hefur það komið fram hér áður, en einn af þeim sem hér hafa birtst, á að baki sér helstefnu göngu, sem tengist hans kristna lífi, þótt nafn hans gefi það ekki til kynna og höfum við hvatt hann til að segja sögu sína, Guðmundur góði, en vonandi verður það síðar.

Við ætlum nú brátt að kveðja ykkur og viljum að þið hafið þögn í örlitla stund og reynum að magna enn frekar.

Já látum þetta nægja úr blómabrekkunni, kveðjum við þá ykkur og vonum að framhald verði sem mest og best á þessu.

Verið þið sæl og þökkum fyrir.

*Vertu sæl og takk fyrir.*